

Valfrjálst tilboð í Origo hf.

Alfa Framtak

ALFA

Janúar 2023

Rekstraraðili sérhæfðra sjóða með áherslu á framtaksfjárfestingar



- Alfa Framtak vill vera fyrsta val stjórnenda og athafnafólks á samstarfsaðila.
- Beitum okkur með virkum hætti í fjárfestingum og styðjum við vöxt og umbreytingar.
- Stefna okkar er að skila fyrirtækjum af okkur í betra ástandi þegar við seljum og þannig skilja eftir okkur jákvæð spor í íslensku atvinnulífi.
- Mælanlegur árangur í sjálfbærni.
- Trúum á gefandi og heiðarleg samskipti.



Traust

12 ára rekstrarsaga og breitt bakland 50 fjárfesta (LPs). 22 ma.kr. heildareignir (AUM).



Fagleg umgjörð

Skráður rekstraraðili sérhæfðra sjóða hjá FME. Teymi og stjórnarmenn Alfa Framtaks með samtals 110 ára reynslu á fjármálamarkaði.



Árangur með aðgerðum

Við trúum á gagnadrifna ákvörðunartöku, ábyrgð og mælanlega virðisaukningu.

Origo samstæðan



Fjölbreyttar lausnir fyrir einstaklinga, opinber fyrirtæki og einkageirann

- Origo samstæðunni er almennt skipt upp í þrjár tekjustoðir:
 - Hugbúnaðarlausnir af eigin og endurseldum hugbúnaði.
 - Notendabúnaður frá þekktum framleiðendum eins og Lenovo, Bose, Canon og Sony sem selt er í gegnum verslun, netverslun og heildsölu auk söluráðgjafar og þjónustu tengda búnaði eins og verkstæðisþjónustu.
 - Rekstrarþjónusta og tölvutengd ráðgjöf fyrir viðskiptavinum. Sem dæmi má nefna skýja-, sjálfvirkni og öryggisþjónustu.
- Origo á fimm dótturfélög auk 30% hlutar í Datalab sem þróar lausnir sem byggja á gervigreindartækni og veitir ráðgjöf um hagnýtingu slíkra lausna.



Hugbúnaður

43,0% af tekjum 2021

Dæmi um fjölbreyttar eigin hugbúnaðarlausnir



Notendabúnaður

30,5% af tekjum 2021

Dæmi um framleiðendur



Rekstrarþjónusta

26,5% af tekjum 2021

Dæmi um þjónustu



Hlutdeild 100%



Býður upp á margvíslegar lausnir fyrir banka og fjármálafyrirtæki.

Hlutdeild 100%



Upplýsingatækniyrirtæki sem sérhæfir sig í öryggislausnum og ráðgjöf.

Hlutdeild 80%



Tölvutengdur búnaður til heimila og smærri fyrirtækja á Íslandi.

Hlutdeild 70%



Innflutningsaðili á Apple og Garmin vörum og rekur verslun á Akureyri.

Hlutdeild 60%



Lausnir fyrir sendingu og móttöku á rafrænum viðskiptaskjöllum.

Rekstrarpróun 2018 – 2022



EBITDA vaxið um 681m.kr. frá 2019, drifið áfram af notendabúnaði

- Afkomubati félagsins frá árinu 2019 sem er fyrsta árið þar sem Tempo er utan samstæðu er drifinn af notendabúnaði en EBITDA þess sviðs hefur aukist um 834 m.kr á tímabilinu.

– Sambærilegur afkomubati er hjá samkeppnisaðilum í notendabúnaði innanlands sem og hjá sambærilegum félögum erlendis.

- Framlegð af rekstrarþjónustu er sögulega nokkuð stöðug en lægri en hjá félögum í sambærilegum rekstri.

- Tekjur af hugbúnaði hafa aukist um 22% (1 ma.kr.) frá árinu 2019 en EBITDA lækkað.

– EBITDA framlegð er lægri en hjá sambærilegum félögum í hugbúnaðargæð.

– Að einhverju leyti getur rekstrarniðurstaða litast af gjaldfærslum vegna uppbyggingar ýmissa nýsköpunarlausna sem hafa ekki endilega enn skilað sér út í tekjustreymi samstæðunnar.

– Þrátt fyrir talsverða fjárfestingu á liðnum árum þá eru eigin hugbúnaðarlausnir einungis um 20% af tekjum hugbúnaðarsviðs skv. Ársskýrslu 2021.

Notendabúnaður	2018	2019	2020	2021	TTM ¹	Mism. á 2019 og TTM
Tekjur	4.693	5.568	6.710	7.823	8.616	3.048
EBITDA	56	-38	378	731	796	834
EBITDA framlegð %	1,20%	-0,68%	5,64%	9,34%	9,24%	27,35%

Rekstrarþjónusta	2018	2019	2020	2021	TTM ¹	Mism. á 2019 og TTM
Tekjur	4.762	4.607	5.235	4.826	5.176	570
EBITDA	286	275	195	339	354	78
EBITDA framlegð %	6,0%	6,0%	3,7%	7,0%	6,8%	13,7%

Hugbúnaður	2018	2019	2020	2021	TTM ¹	Mism. á 2019 og TTM
Tekjur	6.261	4.670	5.117	5.542	5.687	1.016
EBITDA	786	769	505	532	538	-231
EBITDA framlegð %	12,6%	16,5%	9,9%	9,6%	9,5%	-22,7%

Origo samstæðan	2018	2019	2020	2021	TTM ¹	Mism. á 2019 og TTM
Tekjur	15.717	14.845	17.062	18.191	19.479	4.634
EBITDA	1.128	1.006	1.078	1.601	1.687	681
EBITDA framlegð %	7,2%	6,8%	6,3%	8,8%	8,7%	14,7%

Skerpa á áherslum grunnrekstrar

Meðbyr

- Upplýsingatækni er í hröðum vexti og áætlaður langtíma vöxtur í skýjalausnum er um 20% á ári og vöxtur í netöryggislausnum um 10% á ári.
- Sjálfvirknivæðing viðskiptaferla og gervigreind eru í miklum vexti á heimsvísu.
- Tekjur eigin hugbúnaðarlausna Origo eru hlutfallslega litlar í samanburði við samstæðuna en hafa þó vaxið um 13% á fyrri helming 2022 og um 24% á síðasta ári.
- Sterkur efnahagsreikningur.
- Öflugt og reynslumikið stjórnendateymi.
 - Mikill fókus verið á Tempo undanfarin ár og það gefst nú tækifæri til þess að skerpa fókusinn enn frekar á grunnreksturinn.

Mótbyr


- Notendalausnirnar hafa skapað afkomubata félagsins frá árinu 2019. Þessi eining naut góðs af heimavinnuvæðingu í Covid faraldrinum og hélst afkoman sterk árið 2022.
- Blikur á lofti erlendis um að eftirspurn eftir notendabúnaði sé að dragast saman á heimsvísu.
 - Það kæmi á óvart ef Ísland yrði undanskilið þeirri þróun.
- Stærstur hluti af hugbúnaðartekjum Origo eru endursölutekjur sem eru á almennt lægri framlegð en tekjur af eigin hugbúnaði.
- Rekstrarþjónusta er eining sem er rekin á lægri framlegð en það sem almennt gengur og gerist hjá innlendum samanburðarfélögum.

Markaðsvirði Origo




Valfrjálst tilboð 14,4% yfir veltuleiðréttu meðalverði¹ (e. VWAP)

Markaðsvirði (ma.kr.)




Gengispróun Origo og sambærilegrar vísitölu árið 2022



Markaðsvirði skráðra félaga

Origo er minnsta félagið á markaði ef litið er til markaðsvirðis eftir söluna á Tempo



Af hverju telur Alfa Framtak félagið ekki eiga heima í kauphöll?

- Origo er eftir hlutafjárlækkun minnsta félagið á Aðalmarkaði Kauphallarinnar mælt á grundvelli bæði heildarvirðis og markaðsvirðis hlutafjár.
- Kostnaður tengdur skráningu félagsins er of hár þegar hann er settur í samhengi við markaðsvirði félagsins.
- Samhliða kaupum AU22 á bréfum félagsins er líklegt að verðmyndun og velta með bréf í félaginu minnki og geri hluthöfum erfiðara um vik að selja bréf sín. Viðskiptavakt með bréf félagsins í dag er hlutfallslega lítil m.v. önnur félög á markaði og kæmi það á óvart ef að hún yrði stækkuð á næstunni þar sem hlutafjærverði félagsins hefur minnkað.
- Nauðsynlegt verður að halda áfram að fjárfesta talsverðum peningum í eigin hugbúnaðarlausnir félagsins.
- Það er ekki endilega besta féлагаform samstæðunnar að Origo eigi 100% í öllum rekstrareiningum sínum.
- Alfa Framtak telur að það sé nauðsynlegt fyrir samstæðuna að ráðast í umbreytingu sem gæti litað uppgjör félagsins á komandi misserum.

Upplýsingar um tilboðið og hluthafa Origo



Samantekt helstu skilmála valfrjálsa tilboðs AU 22 ehf.



Tilkynnt var um fyrirhugað valfrjálst tilboð AU 22 ehf. þann 12. desember sl.



Verð í valfrjálsa tilboðinu er kr. 101 á hlut sem er hæsta verð sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir bréfin sl. 6 mánuði.



Verð í valfrjálsa tilboðinu er 14,4% hærra en veltuleiðrétt meðalverð hlutabréfa í Origo, að teknu tilliti til lækkunar hlutafjár, frá tilkynningu um sölu Tempo.



Tilboðsgjafi, AU 22 ehf., fer í dag með 29,3% af útistandandi hlutafé Origo hf.



Valfrjálsa tilboðið nær til allra hluta í Origo hf. sem ekki eru í eigu AU 22 ehf. eða Origo hf. við lok viðskipta daginn fyrir birtingu tilboðsins.



Tilboðsyfirlit verður birt þann 19. janúar 2023 og gildistími tilboðsins verður 5 vikur. Að loknu valfrjálsa tilboði verður tilboðsgjafi ekki skyldugur til að leggja fram yfirtökutilboð.




Greiðsla fer fram eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími valfrjálsa tilboðsins rennur út.

Hluthafar Origo hf. þann 13.01.2023	Fjöldi hluta	Eignarhlutur
AU 22 ehf.	41.010.308	29,3%
Birta lífeyrissjóður	15.311.343	10,9%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	14.061.973	10,0%
Frigus II ehf.	10.674.976	7,6%
Stapi lífeyrissjóður	10.074.067	7,2%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	4.956.826	3,5%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	4.058.230	2,9%
Stefnir - ÍS 5 hs.	3.940.392	2,8%
Origo hf.	2.596.235	1,9%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	1.780.166	1,3%
Samtals 10 stærstu	108.464.516	77,5%
Aðrir hluthafar	31.535.484	22,5%

Tímalína valfrjálsa tilboðsins



Gildistími tilboðsins er 5 vikur



Hluthöfum í hlutaskrá Origo hf. í lok 18. janúar 2023 verður sent tilboðsyfirlit og samþykkiseyðublað í bréfpósti

Mögulegt verður að samþykkja valfrjálsa tilboðið með tvennum hætti:

- Með rafrænni undirritun í gegnum vefsíðu valfrjálsa tilboðsins, www.arionbanki.is/tilbod-origo
- Með því að koma undirrituðu frumriti samþykkiseyðublaðs á skrifstofu Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík


Alfa Framtak vill leiða Origo í gegnum umbreytingarferli

Tilboðsverðið er hagstætt



Verð í valfrjálsa tilboðinu er 14,4% hærra en veltuleiðrétt meðalverð hlutabréfa í Origo, að teknu tilliti til lækkunar hlutafjár, frá tilkynningu um sölu Tempo. Alfa Framtak telur þessi kaflaskil í sögu félagsins vera góðan tímapunkt fyrir núverandi hluthafa til að stíga frá borði.

Origo mun fara í gegnum umbreytingu



Kaflaskil hafa átt sér stað hjá félaginu í kjölfar sölu á öllum eignarhlut þess í Tempo. Alfa Framtak vill taka þátt í þeim umbreytingum sem eru fylgifiskur slíkra kaflaskila í góðri samvinnu við núverandi stjórnendur og aðra hluthafa með því að skerpa enn frekar á þjónustuframboði og skipulagi félagsins.

Seljanleiki gæti minnkað



Alfa Framtak telur, í ljósi þeirra áskorana sem félagið stendur frammi fyrir, að því sé betur farið utan verðbréfamarkaðar. Verði af því mun draga verulega úr verðmyndun og seljanleika hlutabréfanna. Nauðsynleg umbreyting í rekstri félagsins getur valdið sveiflum í afkomu á næstu árum. Að loknu valfrjálsu tilboði verður tilboðsgjafi ekki skyldugur til að leggja fram yfirtökutilboð.

Kynning þessi er útbúin af AU 22 ehf. („tilboðsgjafi“) og Arion banka hf. („bankinn“). Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga fyrir fyrirhugað valfrjálst yfirtökutilboð í hlutabréf útgefin af Origo hf. („félagið“). Bankinn hefur verið ráðinn umsjónaraðili fyrir hönd tilboðsgjafa til að hafa umjón með valfrjálsu yfirtökutilboði í félagið. Kynning þessi byggir á opinberum gögnum um félagið og gögnum frá tilboðsgjafa sem hafa ekki verið staðreynd af bankanum. Bankinn, og/eða tilboðsgjafi, taka ekki ábyrgð á gæðum, nákvæmni eða áreiðanleika kynningarinnar. Hvorki tilboðsgjafi, bankinn né starfsmenn þeirra, bera ábyrgð á þeim upplýsingum, áætlunum, forsendum eða niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Engin ábyrgð er tekin á því að raunveruleg framtíðarþróun og rekstur verði í samræmi við áætlanir sem settar eru fram í kynningunni. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, áætlanirnar, forsendurnar eða niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og skulu þeir ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi. Viðtakandi kynningar getur ekki reitt sig á upplýsingar í þessari kynningu og ber að framkvæma sjálfstæða könnun á réttmæti upplýsinga og þeirra ályktana sem hér eru dregnar. Þá er viðtakandi hvattur til að greina og leggja eigið mat á fjárfestinguna og setja fram eigin áætlanir á grundvelli þeirra greininga.

Í kynningu þessari felst ekki ráðlegging af hálfu bankans að láta verða af viðskiptum eða nokkrum fjárfestingum á grundvelli hennar. Móttaka kynningarinnar skal ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans. Í því samhengi er sérstök athygli vakin á því að bankanum er óskýlt að meta hvort viðskiptin séu tilhlýðileg fyrir viðtakendur og af þeim sökum njóta viðtakendur ekki samsvarandi verndar viðeigandi reglna um viðskiptahætti sbr. 5. mgr. 45. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. Fjárfesting í fjármálagerningum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Fjárfestum er bent á að kynna sér upplýsingar um áhættu í tengslum við fjármálagerninga áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í fjármálagerningum.

Hluthöfum félagsins er ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar varðandi viðskipti með hluti í tengslum við valfrjálsa yfirtökutilboðið. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka er hluti af samstæðu bankans sem á m.a. í viðskiptum á sviði bankastarfsemi, verðbréfamiðlunar og ráðgjafar. Aðilar innan hversrar starfseiningar hjá bankanum starfa sjálfstætt. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka, sem og aðrar starfseiningar innan samstæðu bankans, eða aðilar þeim tengdir, kunna að hafa hagsmuni eða skyldur sem stangast á við hagsmuni viðtakanda þessarar kynningar. Viðtakanda þessarar kynningar er bent á að kynna sér mögulega hagsmunaárekstra bankans við tilboðsgjafa og félagið í opinberu tilboðsyfirliti.

Viðtakanda er óheimilt að miðla upplýsingum úr kynningunni til utanaðkomandi aðila eða taka afrit af henni án skriflegs samþykkis bankans eða tilboðsgjafa

